

# Yfirlitsskýrsla

Sendiráðs Íslands í Brussel



Seinni hluti árs 2011

## EFNISYFIRLIT

1. Inngangur .....	4
2. EES-Samningurinn .....	5
Evrópa 2020 .....	7
Innri markaðs löggjöf .....	7
Flugöryggisstofnun Evrópu .....	7
Orkumál .....	7
Loftlagsmál .....	8
Tilskipun um þjónustu hljóð- og myndmiðla .....	8
Nýtt eftirlitskerfi með fjármálamörkuðum í Evrópu .....	9
Matvæli .....	9
Nýjar reglur um samskiptakerfi .....	10
Tilskipun um varðveislu upplýsinga .....	10
Hugverkaréttindi .....	10
Heilbrigðismál .....	11
Neytendavernd .....	11
Tilskipun um innstæðutryggingarkerfi .....	11
Tilskipun um pósthjónustu .....	11
Opinber innkaup .....	12
Staðlamál .....	12
Rannsóknir og nýsköpun .....	12
Þátttaka í áætlunum ESB .....	12
Próunarsjóður EFTA .....	13
Formennska Íslands í fastanefnd EFTA .....	13
3. Schengen .....	13
Stækkun Schengen-samstarfsins .....	13
Breytingar á fyrirkomulagi Schengen-samstarfsins .....	13
4. Aðildarviðræður við ESB .....	14
5. Utanríkisþjónusta ESB og Ísland .....	14
6. Formennskuríki ESB 2011/12 .....	16
Formennska Pólverja (júlí-desember 2011) .....	16
Danska formennskan (janúar- júlí 2012) .....	17
7. Sýn framkvæmdastjórnarinnar á árið 2012 .....	18
8. Evran: Ákvarðanir um nánara efnahagsbandalag í desember 2011 .....	19
9. Þátttaka í áætlunum ESB .....	20

a. Rammaáætlun ESB fyrir rannsóknir og nýsköpun 2014-2020 hefur hlotið nafnið Horizon 2020.....	20
b. Erasmus fyrir alla - áætlun ESB fyrir menntun, þjálfun, æskulýðsmál og íþróttir 2014-2020.....	21
c. Skapandi Evrópa – Áætlun ESB fyrir menningarmál og hljóð/myndræna iðnaðinn 2014-2020.....	21
10. Efst á baugi á Evrópuþinginu .....	22
Efnahagsmál .....	22
Dóms- og innanríkismál .....	22
Utanríkismál .....	23
Fjárlög .....	24
Stækkunarmál.....	24
11. Menningarmál .....	24
1. Sýning 14 íslenskra samtímalistamanna í sendiherrabústaðnum .....	24
2. Verðlaun .....	25

## 1. Inngangur

Starfsemi sendiráðsins undanfarna sex mánuði hefur öðru fremur einkennst af störfum tengdum aðild Íslands að EES- og Schengen samningunum, aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu, hagsmunagæslu gagnvart Evrópusambandinu, auk hefðbundinna sendiráðsstarfa gagnvart umdæmisríkjum sendiráðsins, en þau eru Belgía, Lúxemborg, Holland, Sviss og San Marínó. Skýrslu þessari er ætlað að gefa yfirlit um störf sendiráðsins á síðari hluta árs 2011 og þau málefni sem efst hafa verið á baugi. Gefið er stutt yfirlit um helstu mál sem hafa verið til umfjöllunar á vettvangi EES og í aðildarviðræðum að ESB sem og á öðrum vettvangi. Formennskutíð Póllands við ráðherraráð ESB er lýst og litið er til þess sem vænta má í formennskutíð Danmerkur fyrir hluta þessa árs. Þá er kastljósinu sérstaklega beint að nokkrum sértækum málaflokkum sem hafa verið fyrirferðamiklir hjá ESB á tímabilinu og sérstök grein gerð fyrir þeim.

Á vettvangi EES-samningsins vógu eftirfarandi mál einna þýngst á tímabilinu: Evrópa 2020 áætlunin, innri markaðs löggjöf, Flugöryggisstofnun Evrópu, orkumál, loftslagsmál, tilskipun um þjónustu hljóð- og myndmiðla, nýjar eftirlitsstofnanir með fjármálamörkuðum í Evrópu, matvæli, nýjar reglur um samtalskerfi, tilskipun um varðveislu upplýsinga, hugverkaréttur, heilbrigðismál, neytendavernd, staðlamál, rannsóknir-og nýsköpun, þátttaka í áætlunum ESB og þróunarsjóður EFTA. Liechtenstein fór með formennsku í sameiginlegu EES-nefndinni og í fastanefnd EFTA frá 1. júlí 2011 til 31. desember 2011 en þá tók Ísland við og mun gegna til júníloka 2012. Á vettvangi Schengen hefur stækkun samstarfsins verið til tíðrar umræðu auk breytinga á fyrirkomulagi samstarfsins.

Aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu er veigamikill þáttur í starfsemi sendiráðsins um þessar mundir. Tvær ríkjaráðstefnur (önnur og þriðja) fóru fram síðari hluta ársins 2011 og voru samtals sjö kaflar opnaðir. Af þeim var sex strax lokað. Þá hefur Ísland tekið átt farsælt samstarf við nýstofnaða utanríkisþjónustu ESB, annars vegar sem EES-ríki og Atlantshafsbandalagsríki og hins vegar sem umsóknarríki að ESB. Utanríkis- og öryggismálin hafa verið ofarlega á baugi á vettvangi ESB á tímabilinu hvort sem litið er til svæðisins suður og austur af Miðjarðarhafi eða til grannríkja sambandsins í austurvegi. Er tæpt á þeim málum í fimmta kafla.

Pólland gegndi formennsku í ráðinu frá júlí til ársloka er Danir tóku við formennskunni og halda til fram á sumar. Efnahagsástandið í Evrópu setti svip sinn á formennskutíð Póllands og er fyrirséð að slíkt hið sama muni verða raunin í formennskutíð Danmerkur. Þess utan hafa Danir sett fjögur forgangsmál á dagskrá næstu sex mánuðina, þ.e. að gera Evrópu ábyrgari, kraftmeiri, grænni og öruggari.

Á leiðtogafundi þann 9. janúar síðastliðinn voru mikilvægar ákvarðanir teknar varðandi nánara efnahagssamstarf innan ESB og var um beint framhald þýðingarmikils leiðtogafundar í desember að ræða. Ákveðið var að ríki sem eru með evruna setji sér stjórnarskrárákvæði eða sambærileg ákvæði um rekstur hins opinbera og auka sjálfvirkni viðurlaga vegna brota á sáttmála þeim sem ESB-ríkin komu sér saman um. Í áttunda kafla skýrslunnar er fjallað sérstaklega um efnahagssamstarfið sem svo mjög hefur verið í deiglu.

Evrópusambandið lagði, á seinni hluta árs 2011, fram tillögur að nýjum áætlunum fyrir vísindi og nýsköpun, menntun, þjálfun, æskulýðsmál og íþróttir auk menningarmála. Er þetta liður í 2020 áætlun ESB og er nú til umræðu í aðildarríkjunum. Er fjallað um þennan málaflokk sérstaklega síðar í skýrslunni.

Á Evrópuþinginu hafa efnahagsmálin verið í miklum forgangi, líkt og hjá öðrum stofnunum sambandsins. En mikilvæg mál á sviði dóms- og innanríkismála, utanríkismála og fjárlög sambandsins hafa einnig verið veigamikil í störfum þingsins.

Talsvert hefur verið um heimsóknir og fundi á tímabilinu. Þann 8. október sl. fundaði Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, í Brussel með José Manuel Barroso, forseta framkvæmdarstjórnar ESB, Herman Van Rompuy, forseta leiðtogaráðs ESB og Yves Leterme, þáverandi forsætisráðherra Belgíu. Aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið var meginefni fundarins með Barroso og Van Rompuy og var sérstaklega rætt gott samstarf sem verið hefði við framkvæmdastjórnina í þeirri rýnivinnu sem lokið er, svo og við skipulagningu viðræðnanna. Á fundunum var einnig rætt um stöðu efnahagsmála á alþjóðavettvangi og aðkomu framkvæmdastjórnar ESB að skuldavandanum sem einstök Evrópuríki hefðu átt við að glíma. Einnig var rætt um þann viðsnúning sem orðið hefði í efnahagsmálum á Íslandi á síðustu þremur árum.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra fór fyrir sendinefnd Íslands á þriðju ríkjaráðstefnu ESB og Íslands þann 12. desember síðastliðinn. Á ráðstefnunni var fjallað um 6., 20., 21., 23. og 33. kafla og lauk viðræðum um fjóra þeirra samdægurs. Einar Gunnarsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins sótti 36. fund EES-ráðsins fyrir Íslands hönd þann 15. nóvember.

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, var í Brussel við fundahöld 13. október síðastliðinn. Þá sótti Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra reglubundinn samráðsfund fjármála- og efnahagsmálaráðherra ESB og EFTA-ríkjana í Brussel þann 7. nóvember síðastliðinn.

Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður Íslands, fór fyrir sendinefnd Íslands á annarri ríkjaráðstefnu ESB og Íslands sem fram fór þann 19. október. Til umræðu voru kaflar 2 og 7, þ.e. um frjálsa för vinnuafis og hugverkarétt en báðir þessir kaflar eru hluti af EES-samningum og var niðurstaða fundarins að löggjöf í þessum málaflokkum væri samsvarandi á Íslandi og í ríkjum Evrópusambandsins. Því var ákveðið að ljúka viðræðum í köflunum tveimur þar sem efni þeirra hefur þegar verið tekið upp í íslensk lög.

Þann 5. október sl. fór fram í Brussel 3. fundur hinnar sameiginlegu þingmannanefndar sem sett var á fót vegna aðildarviðræðna Íslands við ESB, en í henni sitja fulltrúar Alþingis og Evrópuþingsins. Af Íslands hálfu skipa nefndina þau Árni Þór Sigurðsson, formaður, Birgitta Jónsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Valgerður Bjarnadóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. Auk þeirra sótti fundinn Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningarmaður Íslands, ávarpaði nefndarmenn og sat fyrir svörum nefndarmanna. Í nóvember sóttu fulltrúar Sambands Íslenskra Sveitarfélaga sendiráðið heim, í tengslum við fund þeirra í nýstofnuðum sveitastjórnarvettvangi EFTA.

Nokkrar starfsmannabreytingar urðu á tímabilinu. Tómar Brynjólfsson, fulltrúi efnahags- og viðskiptaráðuneytisins hóf störf í sendiráðinu þann 1. júlí 2011 og tók hann við af Hreini Hrafinkelssyni sem starfaði bæði fyrir efnahags- og viðskiptaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið. Þann 1. nóvember 2011 hóf Andri Lúthersson störf hjá sendiráðinu. Einnig urðu starfsmaskipti á tímabilinu er þær Hinrika Sandra Ingimundardóttir og Sigrún Ingibjörg Gísladóttir tóku við af Brynhildi Ingimarsdóttur og Katrínu Pálsdóttur þann 1. september.

## **2. EES-Samningurinn**

Sameiginlega EES-nefndin hittist alls fjórum sinnum síðari hluta árs 2011 og tók 106 ákvarðanir um að taka alls 259 gerðir upp í EES-samninginn. Liechtenstein fór með formennsku í sameiginlegu EES-nefndinni og í fastanefnd EFTA frá 1. júlí 2011 til 31. desember 2011 en þá tók Ísland við formennskunni og mun halda henni til loka júní 2012.

36. fundur EES-ráðsins var haldinn 15. nóvember í Brussel. Fundinum var stýrt af Aureliu Frick, utanríkisráðherra Liechtenstein. Einar Gunnarsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins sótti fundinn fyrir Íslands hönd í forföllum utanríkisráðherra. Marcin Korolec, aðstoðar-efnahagsmálaráðherra Póllands sat fundinn fyrir hönd formennskuríkis ESB og fyrir hönd Noregs sat fundinn Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra. Að venju var rætt um rekstur og framkvæmd EES-samningsins og mál sem eru þar efst á baugi. Meðal þeirra voru orku- og loftlagsmál, áhrif fjármálakreppunnar á EES-samstarfið sem og lagaumhverfi fjármálaþjónustunnar. Undir liðnum pólitískt samráð var fjallað um málefni Norður-Afriku og miðausturlanda, Alþjóðlega sakamáladómstólinn, Afghanistan og Mýanmar.

Í kjölfar EES-ráðsfundarins þann 15. nóvember var haldinn sameiginlegur fundur EES EFTA ráðherranna og bæði þingmanna- og ráðgjafarnefndar EFTA. Á fundinum upplýstu ráðherrarnir um umræður á EES-ráðsfundinum sem og helstu mál sem til umfjöllunar eru í EES-samstarfinu um þær mundir og svöruðu spurningum nefndarmanna. Var þetta í þriðja sinn sem slíkur sameiginlegur fundur er haldinn í kjölfar haustfundar EES-ráðsins í Brussel.

Á árinu hafa ýmis verkefni beinst að því að meta og bæta framkvæmd EES samningsins. EES EFTA ríkin hófu í lok árs, í samvinnu við utanríkisþjónustu ESB, könnun á því hvernig greiða mætti fyrir upptöku gerða í samninginn sem hafa verið samþykktar innan ESB og bíða afgreiðslu og verður þeirri vinnu haldið áfram árið 2012. Þá unnu Noregur, Liechtenstein og framkvæmdastjórn ESB, hvert með sínu lagi, að endurskoðun og mati á stöðu EES-samningsins. Vinnan sem innt hefur verið af hendi í endurskoðun ESB er í samræmi við niðurstöður fundar ráðherraráðs ESB í desember 2010 um samskipti EFTA ríkjanna og ESB<sup>1</sup>. Í Noregi hefur verið að störfum nefnd óháðra sérfræðinga sem hefur unnið skýrslu að beiðni norskra stjórnvalda um reynslu Norðmanna af samningnum. Nefndinni var ætlað að meta pólitískar, lagalegar, stjórnsýslulegar, efnahagslegar og félagslegar afleiðingar EES-samningsins og annarra samninga milli Noregs og ESB, þ.m.t. Schengen-samstarfsins. Þess utan var nefndinni ætlað að meta framkvæmdarþáttinn hjá eftirlitsaðilunum, þ.e. Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólum. Búist hafði verið við birtingu skýrslunnar í lok árs 2011 en hún dróst fram í janúar 2012. Skýrslan var einkar viðamikil úttekt á EES-samningnum og munu niðurstöður hennar og ekki síður rannsóknarvinnan sem að baki þeim liggja, verða mikilsverð viðmiðun fyrir þá aðila sem sinnt hafa endurskoðun samningsins. Fyrir liggur að á árinu 2012 munu norsk stjórnvöld vinna að gerð tillagna til breytinga á grundvelli skýrslunnar. Meira verður fjallað um efni norsku skýrslunnar í yfirlitsskýrslu sendiráðsins fyrir fyrri hluta árs 2012. Auk norsku skýrslunnar ber að geta þess að Liechtenstein hefur fengið Centre for European Policy Studies (CEPS) til að gera úttekt á stöðu Liechtenstein í Evrópusamstarfinu. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki á árinu 2012.

Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu málin sem hafa verið til umfjöllunar í EES-samstarfinu síðari hluta árs 2011:

---

<sup>1</sup> [http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms\\_data/docs/pressdata/EN/foraff/118458.pdf](http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/EN/foraff/118458.pdf)

## Evrópa 2020

Evrópa 2020 efnahagsáætlun ESB var samþykkt í mars 2010 og eru í áætluninni sett fram sjö forgangsverkefni (e. Flagship Initiatives) og eru þau; “*Digital Agenda for Europe*”, “*Youth on the Move*”, “*Innovation Union*”, “*Integrated Industrial Policy for the Globalisation Era*”, “*Agenda for Skills and Jobs*”, “*European Platform against Poverty and Social Exclusion*” og “*Resource-Efficient Europe*”. Hefur framkvæmdastjórnin samþykkt nánari útfærslu á verkefnum. Forgangsverkefnin innihalda þætti sem falla undir EES-samninginn og munu EES EFTA ríkin halda áfram að fylgjast náið með framvindu áætlunarinnar og sérfræðingar í vinnuhópum fara yfir tillögurnar. Skrifstofa EFTA hefur gert efnislega úttekt á áætluninni og forgangsverkefnum og sent til vinnuhópanna. Samkvæmt frumathugun skrifstofunnar er um að ræða í kringum 300 tillögur að löggjöf og fellur meira en helmingur þeirra undir gildissvið EES-samningsins.

## Innri markaðs löggjöf

Þann 13. apríl 2011 gaf framkvæmdastjórn ESB út skýrslu um 12 lykilaðgerðir til að efla innri markað ESB (“*Single Market Act. Twelve levers to boost growth and strengthen confidence. Working together to create new growth*”<sup>2</sup>) og er í skýrslunni að finna lista yfir tillögur að löggjöf á 12 sviðum (policy areas) sem framkvæmdastjórnin ætlar að leggja fram á næstu misserum. Markmiðið er að blása nýju lífi í innri markaðinn og auka hagvöxt og samkeppnishæfni, en lykilaðgerðirnar tólf snúa m.a. að neytendavernd, vernd hugverkaréttinda, hreyfanleika verkafólks, opinberum innkaupum, regluverki fyrir fyrirtæki og bættum aðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni, auk annars.

Margar af þessum aðgerðum er einnig að finna í forgangsverkefnum (e. flagships) Evrópu 2020 áætlunarinnar. Stefnt er að því að Evrópuþingið og ráðið samþykki tillögurnar fyrir lok árs 2012 (í tæka tíð fyrir 20 ára afmæli innri markaðarins). EES EFTA ríkin halda áfram að fylgjast náið með úrvinnslu tillagnanna og fjallað er um þær í viðkomandi vinnuhópum EFTA.

## Flugöryggisstofnun Evrópu

Hinn 19. desember 2011 var tekin upp í EES-samninginn reglugerð um sameiginlegar reglur í almenningsflugi og stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA)<sup>3</sup>. Um er að ræða endurnýjun á fyrri reglugerð um sama efni en verksvið stofnunarinnar er útvíkkað frá því sem áður var. Í reglugerðinni er að finna ákvæði þar sem framkvæmdastjórn ESB er veitt heimild til að leggja sektir á fyrirtæki sem hafa skírteini útgefin af EASA, að beiðni stofnunarinnar. EES EFTA ríkin hafa fallist á að meðferð sambærilegs sektarvalds liggja hjá ESA og jafnframt lagt á það áherslu að um sértækt tilfelli væri að ræða.

## Orkumál

EES EFTA ríkin luku viðræðum við ESB um upptöku tilskipunarinnar um endurnýjanlega orkugjafa (e. *Renewable Energy Sources Directive*<sup>4</sup>) og var tilskipunin tekin upp í EES-

---

<sup>2</sup> [http://ec.europa.eu/internal\\_market/smact/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/internal_market/smact/index_en.htm)

<sup>3</sup> Regulation (EC) No 216/2008 of the European Parliament and of the Council of 20 February 2008 on common rules in the field of civil aviation and establishing a European Aviation Safety Agency, and repealing Council Directive 91/670/EEC, Regulation (EC) No 1592/2002 and Directive 2004/36/EC

<sup>4</sup> Directive [2009/28/EC](#) on the promotion of the use of energy from renewable sources and amending and subsequently repealing Directives 2001/77/EC and 2003/30/EC.

samninginn 19. desember 2011. Hvað Ísland varðar er niðurstaðan sú að viðmiðið fyrir aukningu á notkun endurnýjanlegra orkugjafa til ársins 2020 verði 64%.

EES EFTA ríkin vinna enn að upptöku s.k. þriðja orkupakka í EES samninginn (e. *Third Package for the Internal Energy Market*<sup>5</sup>). Meginmarkmið gerðanna er að koma á innri orkumarkaði fyrir gas og rafmagn. Aðstæður í EES EFTA ríkjunum eru afar ólíkar og því hefur reynst tímafrekt að vinna drög að ákvörðun um upptöku gerðanna í EES-samninginn en búast má við að þær verði teknar upp í samninginn innan skamms.

EES EFTA ríkin fylgjast náið með nýjum gerðum sem samþykktar eru af ESB sem og tillögum að nýrri löggjöf. Má þar nefna nýja reglugerð um heildstæðan og gagnsæjan orkumarkað sem samþykkt var innan ESB í október 2011 (e. *Regulation on Energy Market Integrity and Transparency (REMIT)*<sup>6</sup>), tillaga að nýrri tilskipun um orkunýtni<sup>7</sup> (e. *energy efficiency*) og s.k. pakka um orkugrunnvirki (*Energy Infrastructure package*<sup>8</sup>) sem var lagður fram af framkvæmdastjórn ESB í október 2011. Með tillögum þeim sem í pakkanum felast er ætlað að tryggja að lokið verði við gerð mikilvægra orkuneta og geymsluástöðu innan ESB fyrir árið 2020. Framkvæmdastjórnin bendir á tólf forgangssvið sem ná til rafmagns, gass, olíu, auk annarra þátta.

## Loftslagsmál

Innan EFTA hefur áfram verið til umfjöllunar tilskipun um endurskoðun á viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir<sup>9</sup> og aðrar gerðir tengdar því (varðandi uppboð, viðmið (e. benchmarking), kolefnisleka o.fl.). Sérfræðingar EES EFTA ríkjanna hafa átt fundi með framkvæmdastjórninni varðandi þátttöku ríkjanna í kerfinu og nauðsynlegar aðlaganir hafa verið ræddar. Seinna tímabil viðskiptakerfis ESB rennur út í lok árs 2012 og er fyrir séð að færri losunarheimildir verði gefnar út á hverju ári frá og með árinu 2013. Einnig er gert ráð fyrir að kerfið muni ná yfir áliðnað og að kerfið muni innibera fleiri nýjar gróðurhúsalofttegundir á næsta tímabili. Einnig þykir víst að smám saman verði snúið frá því að veita losunarheimildir endurgjaldslaust yfir í að þær verði boðnar upp.

## Tilskipun um þjónustu hljóð- og myndmiðla

Tilskipun ESB um þjónustu hljóð- og myndmiðla<sup>10</sup> miðar að því að skapa fullkominn innri markað fyrir þjónustu hljóð- og myndmiðla og eyða þannig lagalegum og stjórnsýslulegum hindrunum hvað varðar veitingu slíkrar þjónustu á milli ríkja ESB. Noregur hefur reynt að fá undanþágur frá ákvæðum tilskipunarinnar með það að markmiði að geta áfram bannað

---

<sup>5</sup> Orkupakkinn samanstendur af eftirfarandi gerðum: Directive [2009/72/EC](#) concerning common rules for the internal market in electricity and repealing Directive 2003/54/EC. Directive [2009/73/EC](#) concerning common rules for the internal market in natural gas and repealing Directive 2003/55/EC. Regulation (EC) No [713/2009](#) establishing an Agency for the Cooperation of Energy Regulators. Regulation (EC) No [714/2009](#) on conditions for access to the network for cross-border exchanges in electricity and repealing Regulation (EC) No 1228/2003. Regulation (EC) No [715/2009](#) on conditions for access to the natural gas transmission networks and repealing Regulation (EC) No 1775/2005.

<sup>6</sup> <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2011:326:0001:0016:en:PDF>

<sup>7</sup> <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=CELEX:52011PC0370:EN:NOT>

<sup>8</sup> [http://ec.europa.eu/energy/infrastructure/strategy/2020\\_en.htm](http://ec.europa.eu/energy/infrastructure/strategy/2020_en.htm)

<sup>9</sup> Directive 2009/29/EC of the European Parliament and of the Council of 23 April 2009 amending Directive 2003/87/EC so as to improve and extend the greenhouse gas emission allowance trading scheme of the Community

<sup>10</sup> Directive 2007/65/EC of the European Parliament and of the Council of 11 December 2007 amending Council Directive 89/552/EEC on the coordination of certain provisions laid down by law, regulation or administrative action in Member States concerning the pursuit of television broadcasting activities



áfengisauglýsingar sjónvarpsstöðva sem senda út frá öðru landi en Noregi í því skyni að komast hjá innlendu banni við áfengisauglýsingum. Þessu hefur verið alfarið hafnað af hálfu framkvæmdastjórnarinnar. Svíþjóð reyndi með sama hætti að fá undanþágu frá ákvæðum tilskipunarinnar við setningu hennar en án árangurs. Noregur hefur haldið afstöðu sinni óbreyttri enn sem komið er.

## Nýtt eftirlitskerfi með fjármálamörkuðum í Evrópu

Nýtt eftirlitskerfi með fjármálamörkuðum í Evrópu tók gildi 1. janúar 2011.<sup>11</sup> Með því var sett á stofn evrópsk kerfisáhættunefnd auk þriggja nýrra eftirlitsstofnana á sviði bankamála, verðbréfamála og váttryggingar- og starfstengdra lífeyrismála. Eftirlitsstofnanirnar þrjár komu í stað eftirlitsnefnda sem áður störfuðu á umræddum sviðum. Meðal nýjunga er að stofnanirnar munu hafa frumkvæði að og semja drög að reglum sem verða bindandi fyrir aðildarríki og eftirlitsstofnanir þeirra (aðallega tæknilegar reglur) en framkvæmdastjórn ESB staðfestir þær. Stofnanirnar munu einnig hafa ákveðnar valdheimildir til að fylgja framkvæmd Evrópulöggjafar eftir, auk þess sem framkvæmdastjórnin fer með eftirlit, þ.m.t. gagnvart einstökum fyrirtækjum á fjármálamarkaði í þeim tilvikum þegar eftirlitsaðilar í viðkomandi aðildarríki tryggja ekki eftirfylgni við gildandi regluverk. Þá munu þær hafa vald til að skera úr ágreiningi milli tveggja eða fleiri eftirlitsaðila vegna fjármálastarfsemi sem veitt er yfir landamæri.

Þátttaka EES EFTA ríkjanna í stofnununum er áfram til umræðu í vinnuhópi EFTA um fjármálaþjónustu og hafa EES EFTA ríkin átt tvo óformlega fundi með framkvæmdastjórninni um málið. Þessar nýju stofnanir hafa víðtækari heimildir en fordæmi eru fyrir í öðrum stofnunum sem EES EFTA ríkin hafa tekið þátt í áður og er því nauðsynlegt að ræða ítarlega með hvaða hætti gerðirnar verði innleiddar með hliðsjón af tveggja stöða kerfi EES-samningsins og stjórnskipun ríkjanna.

EES EFTA ríkin hafa jafnframt farið yfir nýjar tillögur ESB að reglugerð og tilskipun um kröfur um eigið fé (*e. Capital Requirements*<sup>12</sup>) og vinnuhópur EFTA um fjármálaþjónustu hefur unnið sameiginlegar EES EFTA athugasemdir.

## Matvæli

Til umræðu innan EES EFTA ríkjanna eru drög að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku gerða um nýfæði<sup>13</sup> og erfðabreytt matvæli og fóður<sup>14</sup> þar sem kveðið er á um samþykki til markaðssetningar, rekjanleika og merkinga. Grunngerðirnar hafa verið til

---

<sup>11</sup>Regulation (EU) No 1093 of the European parliament and of the Council of 24 November 2010 establishing a European Supervisory Authority (European Banking Authority), amending Decision No 716/2009/EC and repealing Commission Decision 2009/78/EC. Regulation (EU) No 1094/2010 of the European Parliament and of the Council of 24 November 2010 establishing a European Supervisory Authority (European Insurance and Occupational Pensions Authority), amending Decision No 716/2009/EC and repealing Commission Decision 2009/79/EC. Regulation (EC) No. 1095/2010 of the European Parliament and of the Council of 24 November 2010 establishing a European Supervisory Authority (European Securities and Markets Authority), amending Decision No 716/2009/EC and repealing Commission Decision 2009/77/EC

<sup>12</sup> [http://ec.europa.eu/internal\\_market/bank/regcapital/index\\_en.htm#crd4](http://ec.europa.eu/internal_market/bank/regcapital/index_en.htm#crd4)

<sup>13</sup> Regulation (EC) No 258/97 of the European Parliament and of the Council of 27 January 1997 concerning novel foods and novel food ingredients

<sup>14</sup> Regulation (EC) No 1829/2003 of the European Parliament and of the Council of 22 September 2003 on genetically modified food and feed. Regulation (EC) No 1830/2003 of the European Parliament and of the Council of 22 September 2003 concerning the traceability and labelling of genetically modified organisms and the traceability of food and feed products produced from genetically modified organisms and amending Directive 2001/18/EC

umfjöllunar innan EES EFTA ríkjanna frá því 2004. Noregur hefur lagt til breyttan aðlögunartexta sem Liechtenstein hefur samþykkt. Beðið er eftir afstöðu Íslands.

Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram nýjar tillögur um endurskoðun á reglugerð um nýfæði sem til skoðunar eru í EES EFTA ríkjunum. Ræddar hafa verið væntanlegar tillögur ESB um einræktun dýra til matvælaframleiðslu (e. *Cloning of animals for food production purposes*). EES EFTA ríkin fylgjast einnig með umræðum um tillögur ESB að reglugerð um matvæli ætluð ungebörnum og ungum börnum og matvæli til lækninga (e. *Regulation on food intended for infants and young children and food for special medical purposes*<sup>15</sup>).

### **Nýjar reglur um samskiptakerfi**

ESB samþykkti nýjar reglur um samskiptakerfi í desember 2009<sup>16</sup>. Reglunum er ætlað að efla samkeppni og rétt neytenda á mörkuðum Evrópu. EES EFTA ríkin ræða nú upptöku þessara gerða í EES-samninginn. Meðal þeirra atriða sem rædd hafa verið er þátttaka EES EFTA ríkjanna í nýju kerfi evrópskra eftirlitsaðila um rafræn samskipti (e. Body of European Regulators for Electronic Communications (BEREC)) og hafa fjölmargir fundir verið haldnir milli EES EFTA ríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að ræða það.

### **Tilskipun um varðveislu upplýsinga**

Tilskipun 2006/24/EB um varðveislu upplýsinga<sup>17</sup> varðar m.a. vörslu tölvugagna og símaupptakna. Upptaka tilskipunarinnar í EES-samninginn hefur tafist m.a. þar sem mikil pólitísk andstaða hefur verið við tilskipunina í Noregi á grundvelli persónuverndarsjónarmiða. Noregur hefur nú fallist á að taka tilskipunina upp í EES-samninginn. Drög að ákvörðun um upptöku gerðarinnar í EES-samninginn er til umfjöllunar í EES EFTA ríkjunum.

### **Hugverkaréttindi**

EES-EFTA ríkin hafa fylgst náið með tilraunum ESB til að koma á sameiginlegu einkaleyfi ESB og stofnun sérstaks dómstóls innan ESB og viðræðum Evrópuþingsins og ráðsins um það efni. Einnig hafa ríkin fylgst náið með innleiðingu áætlunar framkvæmdastjórnarinnar um hugverkaréttindi<sup>18</sup> (e. *Commission Communication: A Single Market for Intellectual Property Rights*).

---

<sup>15</sup> [http://ec.europa.eu/food/food/labellingnutrition/nutritional/docs/sanco\\_11224\\_2011\\_rev5\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/food/food/labellingnutrition/nutritional/docs/sanco_11224_2011_rev5_en.pdf)

<sup>16</sup> Pakkinn samanstendur af eftirfarandi gerðum: Regulation (EC) No 1211/2009 establishing the Body of European Regulators for Electronic Communications (BEREC). Directive 2009/136/EC of the European Parliament and of the Council of 25 November 2009 amending Directive 2002/22/EC on universal service and users' rights relating to electronic communications networks and services, Directive 2002/58/EC concerning the processing of personal data and the protection of privacy in the electronic communications sector and Regulation (EC) No 2006/2004 on cooperation between national authorities responsible for the enforcement of consumer protection laws. Directive 2009/140/EC of the European Parliament and of the Council of 25 November 2009 amending Directives 2002/21/EC on a common regulatory framework for electronic communications networks and services, 2002/19/EC on access to, and interconnection of, electronic communications networks and associated facilities, and 2002/20/EC on the authorisation of electronic communications networks and services

<sup>17</sup> Directive 2006/24/EC of the European Parliament and of the Council of 15 March 2006 on the retention of data generated or processed in connection with the provision of publicly available electronic communications services or of public communications networks and amending Directive 2002/58/EC.

<sup>18</sup> [http://ec.europa.eu/internal\\_market/copyright/docs/ipr\\_strategy/COM\\_2011\\_287\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/internal_market/copyright/docs/ipr_strategy/COM_2011_287_en.pdf)

## Heilbrigðismál

ESB samþykkti í febrúar 2011 tilskipun um réttindi sjúklinga til heilsugæslu þvert á landamæri<sup>19</sup>. Markmið tilskipunarinnar er að bæta aðgang að öruggri hágæða heilsuþjónustu þvert á landamæri og að ýta undir samvinnu milli aðildarríkjanna. Markmiðið er að skýra betur réttindi sjúklinga og skyldur með hliðsjón af endurgreiðslu lækniþjónustu í einu aðildarríki þegar þjónustan er fengin í öðru aðildarríki þar sem sjúklingurinn er ekki tengdur í almannatryggingakerfi landsins. Evrópuþingurinn hefur nú þegar kveðið á um rétt til endurgreiðslu þegar heilbrigðisþjónusta er fengin í öðru aðildarríki. Upptaka tilskipunarinnar í EES-samninginn er til umræðu í vinnuhópi EFTA. Sérfræðingar frá EES EFTA ríkjunum taka nú þátt í nýrri nefnd, EU Crossborder Healthcare Committee, sem útfærir ákvæði tilskipunarinnar.

## Neytendavernd

ESB samþykkti í október 2011 nýja tilskipun um réttindi neytenda. Tilskipunin fellir fjórar eldri tilskipanir á þessu sviði í eina og uppfærir þær miðað við tækninýjungar og er henni ætlað að efla rétt neytenda. EES EFTA ríkin hafa fylgst náið með málinu og sendu sameiginlegar athugasemdir við skýrslu Evrópuþingsins í september 2010 og einnig við upphaflega tillögu framkvæmdastjórnarinnar árið 2009. Verður nú unnið að upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn.

EES EFTA ríkin fylgjast nú með viðræðum innan ESB um tillögu að nýrri reglugerð um sameiginleg kaupalög innan ESB (e. *Common European Sales Law*<sup>20</sup>) sem kynnt var í október 2011. Samkvæmt tillögunum er um að ræða valkvæðar samningareglur sem ætlað er að auðvelda viðskipti yfir landamæri og einfalda lagaumhverfið.

## Tilskipun um innstæðutryggingakerfi

ESB samþykkti tilskipun um innstæðutryggingakerfi í mars 2009<sup>21</sup>. Tilskipunin m.a. hækkar upphæð tryggingarinnar í öllum ESB ríkjunum frá 20.000 evrum í 100.000 evrur og stytir fresti til endurgreiðslu frá fjórum mánuði í einn mánuð. Noregur hefur óskað eftir undanþágu frá tilskipuninni þannig að áfram verði farið eftir þeirri upphæð sem miðað er við skv. norskum reglum, þ.e. 2 milljónir norskar krónur. ESB hefur hafnað því þar sem nauðsynlegt sé að halda samræmingu innan EES svæðisins til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni. Noregur hefur átt í viðræðum við framkvæmdastjórnina um málið. Á sama tíma fer fram endurskoðun tilskipunarinnar innan ESB og hefur Noregur komið athugasemdum sínum þar á framfæri í þeim tilgangi að hafa áhrif á efni tilskipunarinnar þannig að Noregur geti haldið sinni hámarksupphæð samkvæmt endurskoðaðri tilskipun.

## Tilskipun um pósthjónustu

Tilskipun um pósthjónustu<sup>22</sup> hefur verið til umfjöllunar innan EFTA ríkjanna um nokkurn tíma. Um er að ræða þriðju tilskipunina og lokaáfangann í því að opna fyrir samkeppni með pósthjónustu innan ESB. Með tilskipuninni er m.a. einkaréttur afnuminn á póstdreifingu á

---

<sup>19</sup> Directive 2011/24/EU of the European Parliament and of the Council of 9 March 2011 on the application of patients' rights in cross-border healthcare

<sup>20</sup> [http://ec.europa.eu/justice/newsroom/news/20111011\\_en.htm](http://ec.europa.eu/justice/newsroom/news/20111011_en.htm)

<sup>21</sup> Directive 2009/14/EC of the European Parliament and of the Council of 11 March 2009 amending Directive 94/19/EC on deposit-guarantee schemes as regards the coverage level and the payout delay

<sup>22</sup> Directive 2008/6/EC of the European Parliament and of the Council of 20 February 2008 amending Directive 97/67/EC with regard to the full accomplishment of the internal market of Community postal services

bréfum sem vege 50. gr. eða minna. Ísland hefur óskað eftir aðlögun og að fresta innleiðingu tilskipunarinnar til 31. desember 2012 í ljósi íbúafjölda og landfræðilegra aðstæðna. Ellefu aðildarríki ESB hafa fengið þessa aðlögun. Málið hefur verið mjög umdeilt í Noregi og hefur ríkisstjórn Noregs tekið ákvörðun um að taka ekki tilskipunina upp í EES-samninginn. Sérfræðingar ESB og Noregs hafa fundað án þess að niðurstaða hafi fengist í málinu.

## **Opinber innkaup**

Farið hefur fram opið samráð innan ESB um endurskoðun löggjafar ESB um opinber innkaup, m.a. um aukna notkun á rafrænum innkaupum (e-Procurement). EES EFTA ríkin fylgjast nú með væntanlegum tillögum ESB að löggjöf á þessu sviði og hafa EES EFTA ríkin átt fjölmarga fundi með framkvæmdastjórninni um þetta efni.

## **Staðlamál**

Framkvæmdastjórnin gaf út orðsendingu um framtíð staðla í júní 2011 (“*A strategic vision for European Standards: Moving forward to enhance and accelerate the sustainable growth of the European economy by 2020*”<sup>23</sup>). EES EFTA ríkin hafa fylgst náið með umræðum ráðsins og Evrópuþingsins um tillögu að nýrri reglugerð um staðla í Evrópu<sup>24</sup> sem lögð var fram á sama tíma. Leggja EES EFTA ríkin nú lokahönd á sameiginlegar athugasemdir sem fyrirhugað er að senda til ESB.

## **Rannsóknir og nýsköpun**

EES EFTA ríkin fylgjast náið með aðgerðum til að koma á fót evrópsku rannsóknarsvæði (e. European Research Area), þ.á m. möguleikanum á þátttöku EES EFTA ríkjanna í “European Research Infrastructure Consortium (ERIC)”<sup>25</sup> sem ætlað er að auðvelda rekstur sameiginlegrar stofnunar til rannsókna í Evrópu. Drög að ákvörðun um upptöku gerðarinnar í EES-samninginn hafa verið til umfjöllunar í vinnuhópi EFTA.

## **Þátttaka í áætlunum ESB**

EES EFTA ríkin hafa fylgst náið með áætlunum ESB og áformum um nýjar áætlanir sem hefjast 2014. Nánar er fjallað um nýjar áætlanir ESB síðar í skýrslunni.

Þá má í þessu sambandi nefna að framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram tillögur að fjárhagsramma fyrir sambandið fyrir árin 2014 – 2020. Tillögurnar eru nú til umfjöllunar hjá ráðherraráðinu og Evrópuþinginu. Samkvæmt tillögum er gert ráð fyrir 5-7% hækkun á heildarfjárlögum ESB. Ef tillagan verður samþykkt óbreytt mun fjárframlag EES EFTA ríkjanna hækka um 50-60% miðað við fjárlagaramman fyrir árið 2007-2013. Meginástæða hækkunarinnar er hækkun framlaga til nýsköpunar og rannsókna og hefur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögur um nýjar áætlanir í mennta- og æskulýðsmálum, fjölmiðla- og menningarmálum og rannsókna- og nýsköpunarmálum sem munu taka við af áætlunum ESB 2007-2013. EES EFTA ríkin fylgjast náið með framvindu tillaganna.

---

<sup>23</sup> [http://ec.europa.eu/enterprise/policies/european-standards/files/standardization/com-2011-311\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/enterprise/policies/european-standards/files/standardization/com-2011-311_en.pdf)

<sup>24</sup> [http://ec.europa.eu/enterprise/policies/european-standards/files/standardization/com-2011-315\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/enterprise/policies/european-standards/files/standardization/com-2011-315_en.pdf)

<sup>25</sup> Council Regulation (EC) No 723/2009 of 25 June 2009 on the Community legal framework for a European Research Infrastructure Consortium (ERIC)

## **Þróunarsjóður EFTA**

Áfram er unnið að því að ljúka gerð viljayfirlýsinga (*e. Memorandum of Understanding*) við styrkþegaríki sjóðsins fyrir árin 2009-2014. Lokað hefur verið fyrir styrki sjóðsins fyrir árin 2004-2009. Einhver verkefni hafa fengið undanþágu og munu halda áfram árið 2012.

## **Formennska Íslands í fastanefnd EFTA**

Formennska Íslands í fastanefnd EFTA hófst þann 1. janúar 2012. Áherslur íslensku formenskunnar verða í samræmi við áherslu fyrri formenskuríkis og eru helstu atriðin m.a. að fylgjast náið með Evrópu 2020 áætluninni og nýjum tillögum ESB henni tengdri, þróun efnahagssamvinnu innan ESB og framvindu langtímafjárhagsáætlunar ESB 2014-2020 og áhrifum þeirra á EES samstarfið. Einnig verður unnið að því í samvinnu við utanríkisþjónustu ESB (EEAS) að fara yfir hvernig bæta megi ferla við upptöku gerða ESB í EES-samninginn en þau mál hafa verið nokkuð í deiglu undanfarin misseri.

## **3. Schengen**

### **Stækkun Schengen-samstarfsins**

Ráðherraráðið samþykkti þann 9. júní sl. að heimila aðild Búlgaríu og Rúmeníu að Schengen-svæðinu. Í september 2012 var haldinn fundur innanríkisráðherra ESB, þar sem formenskuríkið Pólland lagði fram tillögu að ákvörðun í málinu. Einróma samkomulag náðist þó ekki milli aðildarríkjanna þar eð Finnar og Hollendingar lögðust alfarið gegn tillögunni. Eftir langar viðræður ákváðu Finnar í nóvember að láta af andstöðu sinni við inngöngu ríkjanna. Er málum því þannig háttað að Hollendingar standa einir eftir. Hafa þeir alfarið lagst gegn inngöngu ríkjanna og lýst því yfir að þeir séu í fyrsta lagi reiðubúnir til að endurskoða afstöðu sína í febrúar 2012, þegar framkvæmdastjórnin hefur lokið mati sínu á spillingu í ríkjunum. Á leiðtogafundi í desember var málið til umræðu og var niðurstaðan sú að ákvörðun um inngöngu Búlgaríu og Rúmeníu yrði tekin eins fljótt og auðið yrði.

Liechtenstein varð meðlimur að Schengen-samstarfinu þann 19. desember og varð þar með 26. aðildarríki samningsins.

### **Breytingar á fyrirkomulagi Schengen-samstarfsins**

Lagðar hafa verið fram tillögur að breytingum á Schengen-samstarfinu en í þeim felst að ef ríki vilji af öryggisástæðum setja upp landamæraeftirlit í meira en fimm daga verði að fá samþykki framkvæmdastjórnar ESB. Framkvæmdastjórnin hóf endurskoðun á reglum samstarfsins um upptöku tímabundins landamæraeftirlits í kjölfar þess að Frakkland kom á landamæraeftirliti til að stöðva fólksflutninga frá Norður-Afríku í gegnum Ítalíu. Hafa þessar tillögur sætt mikilli gagnrýni og hafa lönd eins og Frakkland, Spánn og Þýskaland alfarið lagst gegn tillögunum. Telja þau að ríkin sjálf séu best til þessa fallin að meta þær öryggisógnir sem að þeim steðja hverju sinni. Framkvæmdastjórnin hefur lýst því yfir að þar sem íbúar ESB eigi að njóta frjálsrar farar sé réttast að ákvörðun um undanþágu frá því sé tekin á vettvangi ESB. Á ráðherrafundi í desember var málið til umræðu og lagði formenskuríkið Pólland fram málamiðlunartillögu. Er fyrirhugað að hún verði rædd nánar á nýju ári.

Afstaða íslenskra stjórnvalda hefur verið að leggjast gegn boðuðum breytingum framkvæmdastjórnarinnar. Eigi það að vera í höndum aðildarríkja Schengen-samstarfsins sjálfra að ákveða hvort sett verði á landamæraeftirlit til skemmri tíma og er lagst gegn því að

slíkar ráðstafanir eigi að vera bornar undir framkvæmdastjórnina enda eigi Ísland engan fulltrúa þar.

#### 4. Aðildarviðræður við ESB

Fyrsta ríkjaráðstefna Íslands og ESB var haldin þann 27. júní sl. Voru þar fjórir samningskaflar opnaðir til samningaviðræðna, en tveimur köflum var lokað sama dag, þar sem þeir falla undir EES-samninginn. Önnur ríkjaráðstefna Íslands og ESB var haldin 19. október en þar voru til umræðu 2. kafli um frjálsa för vinnuafis og 7. kafli um hugverkaréttindi. Báðir þessir kaflar eru hluti af EES-samningnum og var niðurstaða samninganefnda að löggjöf í þessum málaflokkum væri samsvarandi á Íslandi og í ríkjum Evrópusambandsins. Því var ákveðið að ljúka viðræðum í köflunum tveimur þar sem efni þeirra hefur þegar verið tekið upp í íslensk lög. Þann 12. desember var haldin þriðja ríkjaráðstefna Íslands og ESB. Var þar fjallað um fimm samningskafla og lauk viðræðum um fjóra þeirra. Frá því að efnislegar viðræður hófust í júní hafa því ellefu af þeim 33 samningsköflum sem viðræðurnar snúast um verið opnaðir og er viðræðum lokið um átta þeirra, sem samsvarar fjórðungi þeirra allra.

#### 5. Utanríkisþjónusta ESB og Ísland

Utanríkisþjónusta ESB (EEAS) tók formlega til starfa þann 1. desember 2010 með tilkomu Lissabonsáttmálans. Er starfsemi þjónustunnar enn í mikilli mótun enda var ráðist í umfangsmiklar skipulagsbreytingar með stofnun hennar og ólíkum stofnunum og deildum steypt saman. Æðsti talsmaður stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum fer fyrir utanríkisþjónustunni og gegnir barónessa Catherine Ashton því hlutverki, en það er í raun þríþætt; í *fyrsta lagi* er hún æðsti talsmaður utanríkisstefnunnar, í *öðru lagi* gegnir hún embætti varaforseta framkvæmdastjórnarinnar og í *þriðja lagi* er hún formaður utanríkismálaráðs Evrópusambandsins. Æðsti talsmaðurinn fer með fyrirsvar í málaflokknum og stýrir pólitískum skoðanaskiptum við þriðju aðila fyrir hönd Evrópusambandsins. Málefni EES samningsins fluttust frá framkvæmdstjórninni yfir til EEAS og skiptir stofnunin því Íslendinga miklu máli.

Utanríkisþjónusta ESB er sérstaks eðlis samanborið við aðrar stofnanir sambandsins, enda nýtur hún ákveðins sjálfstæðis bæði að því er varðar starfsmannamál og fjárlög. Utanríkisþjónustan rekur 130 sendiskrifstofur um allan heim, m.a. eina í Reykjavík. Í þessu samhengi ber að geta að utanríkismál eru enn á forræði aðildarríkjanna en ekki ESB og er utanríkisþjónusta ESB hugsuð sem nokkurs konar viðbót og stuðningur við þá þjónustu. Starfar EEAS því náið með utanríkisþjónustum aðildarríkjanna. Til marks um það kemur um þriðjunugar starfsfólks utanríkisþjónustu ESB frá utanríkisþjónustum aðildarríkjanna hverju sinni. Aðkoma aðildarríkjanna að starfi utanríkisþjónustu ESB er í gegnum leiðtogaáráðið (*e. European Council*), utanríkismálaráðið (*e. Foreign Affairs Council*) og nefnd fastafulltrúa (*e. COREPER II*). Pólitísk aðkoma aðildarríkjanna að því er varðar stefnumótun og samhæfingu er því mikil og ber þar hæst að ákvarðanir í málaflokknum eru teknar samhljóða.

Á sviði utanríkismála hafa ýmsar mikilvægar ákvarðanir verið teknar undanfarna sex mánuði. Málefni arabíska vorsins hafa verið ofarlega á baugi á vettvangi ESB og hefur sambandið látið mikið til sín taka í eftirmálum lýðræðisbylgjunnar sem gengið hefur yfir norðanverða Afríku og miðausturlönd. Sem dæmi má nefna að þann 1. september aflétti Evrópusambandið frýstingu tiltekinna eigna í Líbýu með það að markmiði að greiða fyrir efnahagslegri og

uppbyggingu eflingar lýðræðislegra innviða. Þá heur Evrópusambandið lagt umtalsvert fé í mannúðaraðstoð á svæðinu. Málefni Sýrlands og Íran hafa verið mikið til umræðu á vettvangi ESB á undanförunum misserum og munu að óbreyttu vera það áfram. Hefur sambandið lagt refsiaðgerðir á bæði ríkin og er fyrrséð að þær verði þyngdar á komandi mánuðum. Ráðherraráðið hefur lýst yfir þungum áhyggjum af mannréttindabrotum í Íran og sett á refsiaðgerðir gegn tilteknum einstaklingum sem taldir eru bera ábyrgð á skýlausum brotum.

Deilur Ísraels og Palestínnumanna hafa einnig verið ofarlega á baugi ekki síst í kjölfar þess að Palestína gerðist aðili að UNESCO þann 31. október sl. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir formennskuríkisins Póllands tókst ekki að koma á sameiginlegri stefnu ESB-ríkjanna gagnvart deiluaðilum. Þá samþykkti utanríkismálaráðið áætlun fyrir norðaustanverða Afríku (e. *Horn of Africa*), sem tekur til fjölbættra mála sbr. ástandið í Súdan, stjórnleysi í Sómalíu, væringar á landamærum Eþíopíu og Erítreu, auk viðvarandi óaldar í strandhéruðum vegna kerfisbundinna sjórána glæpahópa. Áætlunin miðar að því að koma á stöðuleika á svæðinu.

Af þeim málum í austurvegi sem rætt hefur verið á vettvangi ESB ber að nefna dómsmálið yfir Júlíu Týmósjenkó, fyrrum forsætisráðherra Úkraínu. Hefur ESB gagnrýnt framkomu stjórnvalda harðlega og var m.a. opinberri heimsókn Yanukovich forseta Úkraínu til Brussel frestað vegna málsins. Evrópusambandið hvatti til réttlátrar málsmeðferðar yfir Tymoshenko, en í kjölfar sakfellingar sendi Catherine Asthon frá sér yfirlýsingu þar sem kom fram að dómurinn gæti skaðað samskipti ESB við Úkraínu og fyrirhugaðan samstarfssamning ESB við ríkið.

Ástandið í Hvíta-Rússlandi hefur einnig verið til umræðu og hefur Evrópusambandið framlengt þvingunaraðgerðum gegn ríkinu um eitt ár frá október sl. Enn fremur hafa málefni Bosníu og Hersegóvínu verið á dagskrá og ákveðið hefur verið að blása nýju lífi í *Althea* aðgerðina og áhersla lögð á uppbyggingu og þjálfun. Þá hefur ástandið í Norður Kósóvó haft þau áhrif á aðildarumsókn Serbíu að ESB að dráttur hefur orðið á á ríkinu væri veitt formleg staða umsóknarríkis eins og til stóð að gert yrði í haust. Hefur Evrópusambandið beitt Serba miklum þrýstingi hefur þrýst á Serbíu að ná sáttum við stjórnvöld í Kósóvó.

Fulltrúar Íslands hafa fylgst með þróun þessarra mála og fjölmargra annarra enda á Ísland margháttað og náið samráð við ESB. Annars vegar sækja fulltrúar Íslands, Noregs og Liechtenstein reglulega pólitíska samráðsfundi á vegum ýmissa vinnuhópa ESB vegna aðildar sinnar að EES. Alls er um fimm slíka fundi að ræða sem að jafnaði eru haldnir tvisvar á ári. Í fyrsta lagi er um að ræða COSCE-fundina þar sem meginumfjöllunarefnið er samskipti ESB við Evrópuráðið og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE). Í öðru lagi taka EES EFTA ríkin þátt í COEST-fundum þar sem rætt er um málefni Rússlands, ríkja Austur-Evrópu, Kákasus og Mið-Asíu, sem og málefni norðurslóða. Í þriðja lagi tekur Ísland þannig þátt í samráði á vettvangi COWEB-fundanna en þar er rætt um starf vinnuhóps ráðsins um ríki Vestur-Balkanskaga. Auk þessa sitja fulltrúar EES EFTA ríkjanna fundi COMEM/COMEP/COMAG sem eru vinnuhópar um Miðausturlönd-og Persaflóa, frið í miðausturlöndum og Norður Afríku. Fimmta tegund slíkra samráðsfunda sem Ísland tekur þátt í fjallar um málefni Afríku og ber sá vinnuhópur nafnið COAFR.

Hins vegar situr Ísland fundi á vegum utanríkisþjónustunnar sem umsóknarríki og aðildarríki Atlantshafsbandalagsins (NATO). Þar ber helst að nefna PSC + 7 og PSC + 9 fundina, en þau heiti vísa annars vegar til funda stjórn mála- og öryggisnefndar ESB með umsóknarríkjum og hins vegar fundir stjórn mála- og öryggisnefndarinnar með umsóknarríkjum og NATO ríkjum. Stjórn mála- og öryggisnefndin gegnir lykilhlutverki í utanríkisþjónustu ESB en hún er þungamiðjan í allri stefnumótun á sviðum utanríkismála. Þá situr Ísland fundi hermálanefndar ESB þegar hún fundar með NATO- og umsóknarríkjum. Og Ísland situr enn fremur pólitíska

samráðsfundi um mannréttindamál ( e. *human rights consultations*) sem haldnir eru með öllum umsóknarríkjum.

Þess ber loks að geta að önnur ríki en aðildarríki ESB geta í sumum tilvikum tekið beinan þátt í aðgerðum á vegum sameiginlegu öryggis- og varnarmálastefnunnar. Í þeim tilvikum er sett á stofn nefnd framlagsríkja (e. *Committee of Contributors*) fyrir þau aðildarríki sem leggja til aðgerðastarfslið, fjármagn eða búnað.

## 6. Formennskuríki ESB 2011/12

### Formennska Pólverja (júlí-desember 2011)<sup>26</sup>

Pólland lauk formennskutíð sinni í ráðherraráði ESB þann 31. desember 2011 eftir tíðindamikið misseri sem einkenndist af miklum efnahagslegum óstöðugleika og óvissu á evrusvæðinu. Þau mál sem Pólverjar höfðu sett í forgang voru að auka og dýpka Evrópusamrunann, bæta öryggi í Evrópu og breiða út evrópsk gildi, m.a. með stækkun sambandsins og aukinni samvinnu við nágrannaríki.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þeim sex mánuðum sem Pólverjar hafa gegnt formennsku í ráðinu, ekki síst vegna þeirra efnahagsörðugleika sem hrjáð hafa álfuna undanfarna mánuði. Undir forystu Pólverja hefur gríðarlegur fjöldi funda átt sér stað, þ.á m. 20 óformlegir fundir leiðtogaáráðsins og ráðherra aðildarríkjanna. Á sviðum efnahags- og gjaldeyrismála náðist sátt um samþykkt sex gerða (sem fengið hafa viðurnefnið “*six-pack*”) til að efla efnahagsstjórn innan sambandsins. Gerðirnar voru samþykktar í september 2011 og tóku gildi þann 13. desember. Þá ber einnig að nefna að fjárlög Evrópusambandsins fyrir árið 2012 voru samþykkt þann 18. og 19. nóvember.

Formennska Pólverja hefur verið nokkuð þungur róður, þar sem ýmis átakamál hafa komið upp á tímabilinu. Pólverjar sjálfir stóðu nokkuð utangáttar er kom að efnahagsmálunum og evrukrisunni, enda ekki aðilar að evrusvæðinu. Myndaðist nokkur gjá milli Evruríkjanna og hinna sem standa utan, þar sem Evruríkin hafa haldið fjölmarga fundi sín á milli vegna ástandsins. Kristallaðist sú gjá á leiðtogafundinum í desember. Af öðrum ágreiningsefnum sem upp komu á tímabilinu er útvíkkun Schengen-samstarfsins, þar sem Hollendingar og Finnar lögðust alfarið gegn inngöngu Rúmeníu og Búlgaríu. Þó hafa Finnar nú samþykkt inngöngu ríkjanna en Hollendingar eru enn mótfallnir henni.

Þann 24. nóvember komst ráðið að samkomulagi varðandi ytri mörk evrópskrar orkustefnu (*external dimension of the EU's energy policy*), samkomulagið styrkir orkuforða Evrópusambandsins og var eitt af mikilvægustu forgangsatriðum formennskunnar. Þá var undirritaður aðildarsáttmáli við Króatíu. Af öðrum markmverðum málum má nefna samningaviðræður um fríverslunarsamning við Úkraínu, samkomulag um að stofna evrópskan lýðræðissjóð (e. *European Endowment for Democracy*), nýjungar að því er varðar skráningu hugverkaréttinda í Evrópusambandinu, undirbúning fríverslunarsamninga við Georgíu og Moldóvu, auk þess sem samskiptin við Armeníu og Azerbaídsjan voru styrkt enn frekar.

---

<sup>26</sup> Samantekt yfir stjórnartíð pólsku formennskunnar:

[http://pl2011.eu/sites/default/files/users/shared/spotkania\\_i\\_wydarzenia/osiagniecia\\_en.pdf](http://pl2011.eu/sites/default/files/users/shared/spotkania_i_wydarzenia/osiagniecia_en.pdf)



Með lokum formennskutíðar Póllands er fyrsti þriðjungur af formennsku-þríeyki Póllands, Danmerkur og Kýpur lokið.

### **Danska formennskan (janúar- júlí 2012)<sup>27</sup>**

Danmörk tók við formennsku í ráðherraráði Evrópusambandsins þann 1. janúar 2012 af Póllandi. Dansk formennskan hefur sett í forgang að stuðla að ábyrgari Evrópu, kraftmeiri Evrópu, grænni Evrópu og öruggari Evrópu.

#### 1. Ábyrgari Evrópa

Danska formennskan hyggst vinna að því að tryggja ábyrgt evrópskt hagkerfi. Markmiðið er að vinna Evrópu út úr efnahagsörðugleikunum, koma í veg fyrir nýjar efnahagskreppur, efla hagvöxt og skapa ný störf. Danmörk leggur áherslu á að öll aðildarríkin hrindi af stað aðgerðum og geri nauðsynlegar breytingar til að ná tókum á opinberum útgjöldum. Álíta Danir að þessi atriði séu forsenda þess að efla traust á evrópskum mörkuðum og til þess að komast út úr efnahagskreppunni og að auka hagvöxt. Er litið svo á að aðildarríkin hafi ekki fylgt sameiginlegum reglum á þessu sviði nægjanlega til þessa og leggja Danir áherslu á þær mikilvægu ákvarðanir sem teknar voru á leiðtogafundinum þann 9. desember 2011 í því skyni að stuðla að aga í fjárlagagerð og tryggja stöðugleika. Danir leggja áherslu á að ákvörðunum þessum verði hrundið í framkvæmd á meðan formennskunni stendur. Dansk formennskan leggur áherslu á að þær sex gerðir sem samþykktar voru seint á síðasta ári og miðuðu að því að efla efnahagsstjórn, verði innleiddar hið fyrsta enda séu þær til hagsbóta hvort sem litið sé til opinberra útgjalda, hagvaxtar eða nýrra starfa í Evrópu. Munu Danir einnig beita sér fyrir bættu eftirliti með markaðsaðstæðum með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir efnahagskreppur í framtíðinni. Í formennskutíð Dana mun einnig verða lögð áhersla á skilvirka vinnu að ábyrgri langtíma fjárhagsáætlun ESB fyrir tímabilið 2014-2020.

#### 2. Kraftmeiri Evrópa

Forsenda þess að aðildarríkin geti siglt út úr kreppunni er að efla hagvöxt og fjölga störfum innan sambandsins. Dansk formennskan álítur innri markaðinn vera einn af stærstu sigrum Evrópusambandsins og vill stuðla að því að evrópskur efnahagur verði kraftmeiri með því að þróa innri markaðinn enn frekar m.a. með því að vinna nánar út frá þeim tólf forgangsatríðum sem sett voru fram í innri-markaðsgerðinni (*single market act*). Þá vilja Danir nútímavæða innri markaðinn með aukinni áherslu á stafræna tækni, m.a. með því að auðvelda viðskipti á netinu og með því að lækka kostnað við netnotkun. Mun enn fremur verða lögð áhersla á að styðja við nýsköpunarfyrirtæki og tryggja grænan og sjálfbæran hagvöxt og efla þarf rannsóknir og stuðning við nýsköpun til að tryggja framangreint. Telja Danir að á sama tíma þurfi hins vegar að tryggja að gætt sé að réttindum launþega og að regluverki er varðar laun og vinnuaðstæður sé framfylgt í hvívetna. Þá mun dansk formennskan vinna að fríverslunarsamningum m.a. við Japan, Indland, Kanada og Túnís.

#### 3. Grænni Evrópa

Danska formennskan mun leggja fram áætlun til að stuðla að grænum og sjálfbærum hagvexti og er markmiðið að auka hagvöxt án þess að ganga frekar á auðlindir eða auka við orkunotkun. Danir hafa bent á að á síðustu árum hafi ESB þróað metnaðarfulla orku- og umhverfisverndarstefnu sem hefur gert það leiðandi á þessu sviði á alþjóðavettvangi. Er lögð áhersla á að sambandið haldi þeirri stöðu með nýjum og skilvirkum leiðum. Mikilvægt sé að

---

<sup>27</sup> Vefsíða dönsku formennskunnar: <http://eu2012.dk/en>

innleiða aðgerðir til þess að efla nýtingu auðlinda og orku í Evrópu. Danska formennskan mun einnig leggja áherslu á 7. umhverfisáætlun ESB og metnaðarfulla orkuáætlun til ársins 2050 með bættri orkunýtni og aukinni notkun sjálfbærrar orku. Danir telja mikilvægt að Evrópa hafi sterka rödd á Ríó+20 SP ráðstefnunni þegar unnið verður að því að samþykkja áætlun um það hvernig endurreisa megi efnahagskerfi heimsins með sjálfbærum hætti. Danska formennskan mun enn fremur vinna að því að samþætta orku, loftslags- og umhverfisþætti í sameiginleg stefnumið sambandsins, m.a. í landbúnaðarstefnuna, sjávarútvegsstefnuna, samgöngustefnuna og í innri markaðinum. Uppbygging fjárlaga 2014-2020 mun því eiga að taka mið af þessu.

#### 4. Öruggari Evrópa

Loks mun verða lögð áhersla á öruggari Evrópu í formennskutíð Dana. Með hnattvæðingunni er enn mikilvægara að Evrópa starfi saman til að tryggja öryggi evrópskra borgara og leysa vandamál sem teygja arma sína þvert á landamæri. Danmörk mun vinna að því að tryggja skilvirkari baráttu gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi og hryðjuverkum og koma á fót samevrópsku kerfi fyrir hælisleitendur og flóttamenn. Þá munu Danir stuðla að sterkara Schengen-samstarfi og efla eftirlit á ytri mörkum Schengen. Mun danska formennskan einnig leitast við að efla utanríkis- og öryggistefnu ESB og þróunarstefnu sambandsins Lítur Danmörk svo á að með breyttri valdastöðu í heiminum sé mikilvægara en áður að Evrópa hafi sterka röddu á alþjóðavettvangi.

### 7. Sýn framkvæmdastjórnarinnar á árið 2012

Catherine Day, ráðuneytisstjóri framkvæmdastjórnar ESB, hélt fyrirlestur hjá IIEA (Irish Institute for Economic Affairs) þann 5. janúar 2012 um sýn framkvæmdastjórnarinnar á árið 2012 og kom í fyrirlestrinum fram fjölmargt áhugavert. Lagði Day aðaláherslu á þrennt; nýskipan efnahagsstjórnar sambandsinssem nú er í smíðum, framtíðarhlutverk ESB og samningsferli um fjárlög ESB fyrir árin 2014-2020. Day fór fyrst yfir skipan efnahagsstjórnar og rakti að framkvæmdastjórn ESB hefði ávallt verið álitin efnahagsstofnun. Með samþykkt hins svokallaða “*six pack*” reglugerðarpakka um efnahagsstjórn hafi framkvæmdastjórninni verið færð aukin völd, m.a. að því er varðar eftirlit með fjárlögum aðildarríkjanna og eftirlit með þróun efnahagskerfa aðildarríkjanna. Þá hefðu nýfengnar heimildir framkvæmdastjórnarinnar til að leggja á sektir markað afar mikilvæg skref. Frá sjónarhóli framkvæmdastjórnarinnar myndi þetta breyta hlutverki og eðli hennar og muni hún nú starfa með aðildarríkjunum að mótun efnahagsstjórnar þeirra. Sagði Day að framkvæmdastjórnin myndi þurfa fleiri hagfræðinga og dýpri þekkingu um hvert aðildarríki. Myndi þetta kalla á nýja strauma innan stofnana ESB og hrinda úr vör skilvirkri samvinnu við aðildarríkin. Myndi það jafnframt vera rík pólitísk áskorun fyrir aðildarríkin að vinna með framkvæmdastjórninni á þessum sviðum. Undirstrikaði hún jafnframt í þessu samhengi mikilvægi þess að efna til aukinnar umræðu innan aðildarríkjanna um nýju efnahagsstjórnaraðgerðirnar, s.s. á þjóðþingum ESB-ríkjanna.

Því næst ræddi hún um framtíð Evrópusambandsins. Taldi Day evruna vera ás sem ESB myndi hverfast um og greindi jafnframt frá því að mikill þrýstingur væri að myndast um milliríkjasamstarf aðildarríkjanna, utan vébanda sambandsins. Framkvæmdastjórnin væri andsnúin þessari nálgun og telji að aðildarríkjunum bæri öllum að starfa saman. Day greindi frá því að fæst aðildarríkjanna væru sáttt við þá forystustöðu sem Frakkland og Þýskaland hefðu tekið í sambandinu, þótt enginn efaðist um mikilvægi þeirra. Í efnahagskreppunni hefði framkvæmdastjórnin átt í erfiðleikum með að gegna hlutverki sínu til hins ýtrasta þar sem hún

hefði ekki burði til þess að leysa út bankastofnanir í ógöngum. Það hefði eingöngu verið á færi aðildarríkjanna og væri það meginástæða þess að aðildarríkin hefðu farið að ræða sín í milli, utan veggja ESB. Catherine Day áréttaði að framkvæmdastjórnin væri hins vegar rétti vettvangurinn fyrir þessa umræðu. Tók hún sem dæmi að Evrópuþingið gæti einungis tekið þátt í aðgerðum ef ESB-leiðin væri farin, en ekki milliríkjaleiðin. Sagði hún einnig að smærri aðildarríki hefðu meiri möguleika á að koma skoðunum sínum á framfæri með því að viðra þær við framkvæmdastjórnina. Day lýsti yfir raunverulegum áhyggjum af því að Evrópa myndi skiptast í tvo ríkjahópa. Sagði hún að sú leið sem bresk stjórnvöld kysu að fara yrði afar mikilvæg fyrir þróun ESB. Ef Bretar ákveði að fara nokkurs konar “svissneska” leið muni ESB auðveldlega geta skipst í tvær blokkir. Taldi Day í þessu samhengi mjög brýnt að íhuga vel framtíð ESB og ana ekki að neinu enda skipti þróun sambandsins miklu, ekki síst varðandi stækkunarmál. Kröfur til aðildar hefðu verið verulega auknar t.a.m. vegna þess sem menn hefðu lært af aðild Rúmeníu og Búlgaríu. Þá væru uppi háværar raddir um að nú þegar væri komið nóg af aðildarríkjum.

Sagði Catherine Day að undir lok ársins 2012 yrði ESB komið með öll haldbær efnahagstól svo það mætti gegna hlutverki sínu sem skyldi. Evrópu mætti skipta upp í tvo flokka, hóp þeirra sem vildu eyða minna og hóp þeirra sem vildu aukna samhæfingu í efnahagsstjórn. Taldi hún að báðir þessir hópar væru að byrja á röngum enda, þ.e.a.s. stærð og umfangi fjárlaga, í stað þess að líta til þess hvað ESB ætti að gera. Framkvæmdastjórnin lagði hins vegar fram tillögur til þess að tengja saman stefnumótun og útgjöld. Taldi Day brýnt að skapa umræðu um hvernig tryggja mætti aukið flæði í efnahagsstjórn.

Lokaorð Day sneru að því að í miðri efnahagskreppu þyrfti ESB að taka stórar ákvarðanir og þeim fylgdu breytingar. Á hverjum leiðtogafundi á fætur öðrum væru fáein skref tekin undir miklum ytri þrýstingi. Þá væru uppi háværar raddir um aukna þátttöku einkageirans og að endurskoða ætti margar ákvarðanir út frá þeim sjónarhóli. Day taldi þörf á pólitískri umræðu innanlands og í fjölmiðlum um efnahagsstjórnunarpakkann og taldi hún jafnframt að þrætuepli framtíðarinnar muni lúta að því hvort farin yrði ESB-leiðina eða milliríkja-leiðin. Telur hún að það muni að mörgu leyti velta á því hvernig smærri aðildarríkin líti á ESB og vilji hafa sambandið. Þá skipti Bretland og afstaða þess höfuðmáli. Day lítur svo á að grundvallarumræða um það hvernig móta eigi ESB til framtíðar muni skipta afar miklu máli og að þessi misserin muni hafa marka djúp spor í framtíðarþróun ESB.

## **8. Evran: Ákvarðanir um nánara efnahagsbandalag í desember 2011**

Mikill þrýstingur var á leiðtoga ESB-ríkja allt síðasta ár að hrinda í framkvæmd brýnum aðgerðum til lausnar aðsteðjandi efnahagsvanda og evrukreppunni. Eftir strangan aðdraganda ákváðu leiðtogar evruríkja og fleiri ESB-ríkja þann 9. desember síðastliðinn að gera með sér sáttmála um aukið samstarf á sviði efnahagsmála. Í sáttmálanum felast tvær megin ákvarðanir. Annars vegar um að binda í lög, helst stjórnarskrá, hvers aðildarríkis fjárlagareglu sem tryggja að rekstur hins opinbera í hverju ríki sé sem næst jafvægi eða skili afgangi. Hins vegar verður einnig lögfest ákvæði um sjálfkrafa viðbrögð ríkjanna ef þau brjóta í bága við markmið um fjárlagahalla eða of miklar skuldir. Gert er ráð fyrir að Evrópudómstóllinn geti dæmt um hvort fjárlagareglan hafi verið innleidd í samræmi við það sem kveðið er á um í samningnum og þær grunnreglur sem framkvæmdastjórnin mun setja fram fyrir öll ríkin. Þær umbætur sem kynntar voru í desember voru að mestu samþykktar af leiðtogum allra aðildarríkja sambandsins utan Bretlands og Tékklands í lok janúar 2012. Breytingarnar styrkja það

fyrirkomulag sem þegar er til staðar – ekki síst á grundvelli þeirra breytinga sem gerðar voru á efnahagsstjórninni sem tóku gildi í desember 2011.

Ef annars vegar er litið til fjárlagareglunnar sem svo er nefnd, ber þar hæst að ríkin skulu binda reglu í stjórnarskrá sem tryggji að sveifluleiðréttur halli hins opinbera verði ekki umfram 0,5% af vergri landsframleiðslu (VLF). Er þannig gert ráð fyrir sjálfkrafa leiðréttingu, sem mótuð verði af aðildarríkjunum í samstarfi við framkvæmdastjórn ESB. Og mun Evrópudómstóllinn geta skorið úr hvort fjárlagareglur ríkjanna samræmist skuldbindingum þeirra. Er þetta til samræmis við fjárlagareglu sem bundin var í þýsku stjórnarskrána árið 2009. Samkvæmt reglunni ber ríkjunum líka að tryggja þau standist skuldbindingar sínar samkvæmt sáttmálanum um stöðugleika og vöxt (e. Stability and Growth Pact).

Ef hins vegar er horft til eftirfylgninnar, þ.e. hvernig tekið yrði á málum þeirra ríkja sem fara á svig við sáttmálann þá kveður hann á um að um leið og ríki eru talin hafa brotið gegn skuldbindingum sínum um að halli á rekstri hins opinbera skuli ekki vera umfram 3% af VLF, skuli beita viðkomandi ríki viðurlögum nema ef meirihluti er því andvígur. Þá verður einnig hægt að beita viðurlögum gegn ríki sem er með opinberar skuldir yfir 60% af VLF ef skuldahlutfallið minnkar ekki árlega eftir ákveðinni formúlu. Núverandi fyrirkomulag gerir og ráð fyrir því að ef evruríki hefur ekki í tvígang brugðist við ráðleggingum ráðsins innan ákveðinna tímamarka getur framkvæmdastjórnin beitt evruríki viðurlögum sem nemur 0,2% af VLF.

Ljóst er að um nokkur nýmæli er að ræða á meðan annað í sáttmálanum hnykkir frekar á skuldbindingum sem þegar höfðu legið fyrir. Hvað viðurlögin varðar þá er ekki um sjálfvirkni að ræða enda er framkvæmdin skilyrt. Til þess að koma í veg fyrir beitingu viðurlaganna þarfi samþykki níu ríkja með samtals 73,9% atkvæða sem skulu vera fulltrúar 62% íbúa evrusvæðisins. Þannig gætu níu smæstu ríkin staðið saman gegn beitingu viðurlaga. Þannig hefðu Þýskaland og Frakkland einnig saman nægilegan atkvæðafjölda til að stöðva beitingu viðurlaga. Það er því alls ekki loku fyrir það skotið fyrir evrurríkin að koma í veg fyrir beitingu viðurlaga.

## 9. Þátttaka í áætlunum ESB

Seinni hluta árs 2011 birti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tillögur að nýjum áætlunum fyrir:

- a. Vísindi og nýsköpun.
- b. Menntun, þjálfun, æskulýðsmál og íþróttir.
- c. Menningarmál.

Áætlanirnar endurspeglar grundvallarþætti 2020 áætlunar ESB en lögð er áhersla á að fjárfesta í þessum málaflokkum með það að markmiði að leiða til aukins ávinnings bæði fyrir einstaklinga sem og samfélagið í heild.

Tillögur framkvæmdastjórnarinnar um áætlanirnar eru nú til umræðu hjá aðildarríkjunum í ráðinu og munu svo ráðið og Evrópuþingið taka lokaákvörðun um áætlanirnar fyrir árslok 2013. Tekur Ísland þátt í þessum áætlunum sem EES EFTA ríki.

### a. Rammaáætlun ESB fyrir rannsóknir og nýsköpun 2014-2020 hefur hlotið nafnið Horizon 2020.

Markmið áætlunarinnar er að auka samkeppnishæfni Evrópu og skapa störf og stuðla að því að fleiri góðar hugmyndir komist á markað. Nýja áætlunin sameinar undir einum hatti sjöundu rannsóknaráætlun ESB (7RÁ), nýsköpunarhluta samkeppnisáætlunar ESB (CIP) auk þess að

fjármagna Evrópsku nýsköpunar- og tæknistofnunina (EIT). Framkvæmdastjórnin hefur lagt til að 80 milljörðum evra verði varið til áætlunarinnar sem er um 46% aukning frá núverandi áætlunum.

Áætlunin, sem er ætlað að verða einfaldari og aðgengilegri en núverandi áætlanir, skiptist í þrjár undiráætlanir eftir áhersluþáttum:

1. Framúrskarandi rannsóknir (e. *Excellent Science*) sem munu styðja bestu hugmyndirnar, veita evrópskum vísindamönnum tækifæri til að þróa hæfileika sína, byggja upp og styrkja rannsóknarinnviði á heimsmælikvarða og auka aðdráttarafl Evrópu sem valkost fyrir alþjóðlega vísindamenn.
2. Samkeppnishæfur iðnaður (e. *Industrial Leadership*) sem mun efla markaðsdrifnar rannsóknir og nýsköpun. Markmiðið er að hraða tækniþróun til uppbyggingar framtíðarfyrirtækja, að stuðla að frekari fjárfestingum í rannsóknum og nýsköpun auk þess að aðstoða lítil og meðalstór fyrirtæki við að verða leiðandi á alþjóðamarkaði.
3. Betra samfélag (e. *Societal Challenges*) sem mun styrkja rannsóknir með það að markmiði að auka þekkingu á mismunandi sviðum vísinda. Áhersla verður lögð á að koma niðurstöðum rannsókna á markað með stuðningi við tilraunaverkefni, opinber innkaup og markaðssetningu nýsköpunar.

Að auki mun *Horizon 2020* fjármagna Evrópsku nýsköpunar- og tæknistofnunina (EIT) og Sameiginlegu rannsóknamiðstöðina (e. *Joint Research Centre, JRC*). *Horizon 2020* mun jafnframt stuðla að því að Evrópska rannsóknarsvæðið verði að einu markaðssvæði rannsókna og nýsköpunar.

## **b. Erasmus fyrir alla - áætlun ESB fyrir menntun, þjálfun, æskulýðsmál og íþróttir 2014-2020**

Áætlunin sameinar sjö áætlanir í eina. Þær eru: menntaáætlunin (e. *Lifelong Learning Programme*), æskulýðsáætlunin (e. *Youth in Action*) og alþjóðaáætlanirnar fimm (e. *Erasmus Mundus, Tempus, Alfa, Edulink og Bilateral cooperation programme with industrialised countries*). Að auki verða íþróttamál í nýju áætluninni, en áður var rekin áætlun til reynslu í því efni. Framkvæmdastjórnin leggur til að 19 milljörðum evra, af fjárhagsáætlun fyrir tímabilið 2013-2020, verði varið til áætlunarinnar en það er um 70% aukning frá núverandi áætlunum.

Áætluninni er ætlað að vera einfaldari en fyrri áætlanir og undiráætlunum hefur verið fækkað úr 75 í 11. Nýja áætlunin skiptist í þrjár lykilaðgerðir:

1. Hreyfanleiki og námsdvöl erlendis.
2. Samstarf skóla og stofnana um nýsköpun og góða starfshætti.
3. Stuðningur við bætta stefnumótun .

Í nýju áætluninni er einnig gert ráð fyrir að halda áfram með Jean Monnet-áætlunina. Framkvæmd verður eftir sem áður í höndum landsskrifstofa. Markmiðið er að allt að fimm milljónir manna njóti góðs af áætluninni og er það tvöfalt fleiri en nú.

## **c. Skapandi Evrópa – Áætlun ESB fyrir menningarmál og hljóð/myndræna iðnaðinn 2014-2020**

Áætlunin sameinar þrjár áætlanir í eina. Þær eru menningaráætlunin (e. *Culture programme 2007-2013*), áætlunin fyrir hljóð/myndræna iðnaðinn (e. *MEDIA 2007 Programme 2007-*

2013) og alþjóðlega áætlunin fyrir hljóð/myndræna geirann (e. *MEDIA Mundus Programme 2011-2013*). Framkvæmdastjórn ESB leggur til að 1.8 milljörðum evra verði varið til hennar en það er um 37% aukning.

Meginmarkmið nýju ætlunarinnar er að stuðla að verndun menningarverðmæta og dreifingu og miðlun efnis bæði innan sem og utan Evrópu. Með áætluninni er auk þess stefnt að auka samkeppni á sviðinu, m.a. með aðgerðum sem stuðla að aukinni getu aðila á mörkuðum og styðja við dreifingu menningarefnis á alþjóðamarkað.

Áætluninni eru ætlað að standa vörð um og styðja við bakið á fjölbreyttri menningu og tungumálum og styrkja samkeppnishæfni menningar og skapandi greina með það að markmiði að auka hagvöxt. Henni er jafnframt ætlað að:

- Styrkja alþjóðlegt samstarf á sviði menningar og skapandi greina.
- Kynna evrópska menningu og skapandi greinar fyrir nýjum áheyrandaópum bæði innan Evrópu sem utan.
- Styrkja fjárhagslega getu á sviði menningar og skapandi greina.
- Styrkja alþjóðasamstarf á sviði stefnumótunar á þessu sviði.

Nýja áætlunin skiptist í þrennt. Þ.e:

1. Menningarhluti (e. *Culture Strand addressed to the cultural and creative sectors*);
2. Fjölmiðlahluti (e. *MEDIA Strand addressed to the audiovisual sector*).
3. Nýr þverfaglegur hluti

## 10. Efst á baugi á Evrópuþinginu

### Efnahagsmál

Efnahagsmál hafa skipað veigamikinn sess í stefnumótun Evrópuþingmanna undanfarna sex mánuði og hafa fjölmargar gerðir þar að lútandi verið samþykktar á þinginu. Umræður á allsherjarþinginu hafa beinst að efnahagskreppunni og viðbrögðum ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar við henni. Evrópuþingið kallaði eftir aðgerðaráætlun vegna efnahagsástandsins í október þar sem m.a. yrði lagt áhersla á að endurfjármagna evrópska banka, stofna verkefnasjóði, samræma skattakerfi aðildarríkjanna og evruskuldabréf. Þá vildi Evrópuþingið einnig efla eftirlit framkvæmdastjórnarinnar með markaðsreglum í aðildarríkjunum og styrkja efnahagsstjórn í evruríkjunum. Þingið fjallaði um starfsemi seðlabanka Evrópu árið 2010 og kallaði eftir því að starfsemi AGS yrði einnig yfirfarin. Þá kölluðu þingmenn eftir aukinni samvinnu í efnahagsmálum þvert á sambandið. Evrópuþingmenn hafa ekki verið á einu málu um hugsanlegar breytingar á efnahagssamstarfsi ESB-ríkja en flestir þó sammála um að slíkar breytingar verði í öllu falli að framkvæma á opinn hátt og í samvinnu við þjóðþing aðildarríkjanna og Evrópuþingið. Í kjölfar leiðtogafundarins í desember 2011 fögnuðu Evrópuþingmenn efnahagsaðgerðunum, en sögðu jafnframt að til þess að endurheimta traust yrði einnig að beina spjótum að því að efla hagvöxt.

### Dóms- og innanríkismál

Dóms- og innanríkismál hafa einnig verið ofarlega á dagskrá Evrópuþingsins. Með samákvörðun (nú almennri lagasetningameðferð, e. *co-decision*) hafa þingið og ráðið samþykkt reglugerð um að setja á laggirnar stofnun til þess að hafa eftirlit með gögnum sem varða ytri mörk Schengen. Þingið ályktaði einnig um líkamsskanna (e. *body scanners*) þar sem fram kom að einungis mætti notast við slík tæki ef tryggt yrði að ekki væri vegið að

heilsu, virðingu og einkalífi farþega. Í umræðunni um aðild Búlgaríu og Rúmeníu að Schengen hvöttu Evrópuþingmenn aðildarríkin til þess að veita ríkjunum inngöngu. Evrópuþingmenn hafa einnig skorað á aðildarríkin að taka á fordómum gegn fólki af Romakynþætti. Þá hafa þingmenn kallað eftir því að „gender identity disorder” verði tekið af lista WHO yfir geðræn vandamál. Gagnrýndi þingið á sama tíma að samkynhneigð, tvíkynhneigð og trans-kynhneigð teldust í sumum ríkjum, þ.á m. einhverjum innan ESB, til geðrænna vandamála.

Á sviði Frontex<sup>28</sup>, samþykkti Evrópuþingið nýjar reglur þar sem m.a. er kveðið á um að mannréttindi séu tryggð í öllum aðgerðum Frontex. Þá samþykkti þingið með samákvörðun ráðsins aðgerðir til þess að auðvelda landamæraumferð á Kaliningrad svæðinu til þess að gera þeim sem búa á svæðinu kleyft að fara yfir landamæri Póllands. Evrópuþingið samþykkti einnig nýjar reglur um hælisleitendur. Þær veita einstaklingum sem eru í líkamlegri hættu ef þeir snúa aftur til síns heima, en uppfylla þó ekki skilyrði þess að teljast flóttamenn, sömu réttindi og ef þeir væru flóttamenn hvað varðar vinnu, menntun, aðgang að heilbrigðiskerfi og aðstöðu. Evrópuþingið samþykkti einnig ný lög, svokölluð „single permit law,” sem munu veita einstaklingum sem ekki hafa evrópskt ríkisfang sömu vinnu-og staðfesturéttindi um öll aðildarríkin.

Hvað varðar brotastarfsemi hafa þingið og ráðið samþykkt með samákvörðun nýjar evrópskar lágmarksreglur til að tryggja að réttar upplýsingar komi fram í sakamálum og nú geta þolendur afbrota í einu aðildarríki fengið vernd í öllum. Þingið samþykkti einnig nýtt samkomulag um framsal persónuupplýsinga flugfarþega í ESB til ástralskra tollayfirvalda til þess að sporna við hryðjuverkastarfsemi og alþjóðlegri brotastarfsemi. Aðgerðir þingsins gegn hryðjuverkastarfsemi í Evrópu eiga að taka mið af kostnaði, skilvirkni, lýðræði og áhrifum á grundvallaréttindi. Kallaði þingið eftir samevrópskum reglum um gæsluvarðhald og samþykkti tilskipun um samevrópskar kröfur til þess að sporna við kynferðisafbrotum gegn börnum og vernda fórnarlömb slíkra brota, auk þess sem ákærur í slíkum málum yrðu eflidar. Loks samþykkti Evrópuþingið ályktun til þess að sporna gegn því að „maffu-legir” hópar hafi aðgang að efnahags-og stjórnaðlegum hópum.

## Utanríkismál

Áherslan í utanríkismálum hefur verið á svæðið í norðanverðri Afríku og miðausturlöndum. Þingið hefur samþykkt fjöldamargar ályktanir varðandi málefni Sýrlands í þeim tilgangi að stöðva ofbeldi gegn friðsamlegum mótmælendum, fjölga refsiaðgerðum, hvetja Bashar Al Assad forseta til að segja af sér, auk þess sem Evrópuþingið hefur hvatt öryggisráð Sameinuðu Þjóðanna til þess að mótmæla hernaðaraðgerðum Sýrlands. Evrópuþingmenn hafa einnig hvatt öryggisráðið til að setja á laggirnar skilvirka áætlun fyrir endurreisn Líbýu. Þingið harmaði einnig hernaðaraðgerðir gegn almennum borgurum í Bahrain og kallaði eftir því að ríkisstjórnin myndi taka þátt í uppbyggilegri og raunverulegri samræðu með stjórnarandstöðuöflum í landinu.

Evrópuþingið ræddi stöðu baráttufólks fyrir auknum mannréttindum í Hvíta-Rússlandi og hörmuðu þingmenn innrás súdanska hersins (SAF) í Kordofan í Suður Súdan og Nílar-ríkin. Harmaði Evrópuþingið morðin á mótmælendum í Egyptalandi og lýsti yfir þungum áhyggjum af öryggi kristins fólki á svæðinu. Í október 2011 sendi Evrópuþingið sendinefnd til Túnis til að hafa eftirlit með kosningunum og skilaði hún skýrslu um að framkvæmdin hefði verið ásættanleg. Þingið hvatti til þess að stutt yrði betur við flóttamenn í Túnis. Þá lýsti

---

<sup>28</sup> Landamæra stofnun ESB

Evrópuþingið yfir miklum áhyggjum af afturförum á sviði mannréttinda í Íran og harmaði beitingu dauðarefsinga í landinu. Þingið studdi ósk Palestínu um sjálfstæði og hvatti Bandaríkin til að beita sér fyrir því að koma á samningaviðræðum milli Ísrael og Palestínu. Hin árlegu *Sakharov verðlaun* Evrópuþingsins árið 2011 féllu í skaut fimm einstaklinga frá Arabaheiminum sem hver um sig hefur lagt á sig ómælt erfiði fyrir baráttu fyrir mannréttindum.

Evrópuþingmenn kölluðu eftir því að stjórnvöld í Eritreu myndu leysa úr haldi háttsetta embættismenn og kallaði eftir því að utanríkismálaráðið nýtti sér betur þá möguleika sem þróunaraðstoð byði upp á. Hungursneyðin í Austur-Afríku var einnig á dagskrá þingsins og hafa Evrópuþingmenn óskað eftir því að aðstoð sú sem ESB veitir verði aukin til muna til að koma í veg fyrir að ástandið versni. Þá fjölluðu Evrópuþingmenn einnig um skemmdarverk kínverskra stjórnvalda á tífetskum búddahofum og fjallaði auk þess um dómsmál Júlíu Týmóshenkó í Úkraínu. Loks var samþykkt ákall þingsins um nýjar þingkosningar í Rússlandi og að fram færi spillingarrannsókn á kosningunum þann 4. desember síðastliðinn.

## **Fjárlög**

Fjárlög ESB 2012 voru samþykkt af Evrópuþinginu en þau gera ráð fyrir útgjöldum upp á 129 milljarða evra (1,86% hækkun) og skuldbindinga sem nema 147,2 milljarða evra (3,8% hækkun). Evrópuþingið samþykkti einnig ályktun um samheldni í fjárveitingu til svæða, studdi tillögu framkvæmdastjórnarinnar um að framlengja hnattvæðingasjóðinn til ársins 2013 og með samákvörðun ráðsins var ákveðið að ESB myndi greiða allt að 95% af svæðisþróunarverkefnum í Grikklandi, Írlandi, Portúgal, Rúmeníu, Lettlandi og Ungverjalandi til þess að bæta efnahagsástandið. Loks fór Evrópuþingið yfir langtímafjárlög ESB til að finna 1,3 milljarða evra í að fjármagna ITER verkefnið.

## **Stækkunarmál**

Framkvæmdastjóri stækkunarmála, Stefan Füle, kynnti nýja stækkunarstefnu ESB fyrir Evrópuþinginu í október síðastliðnum. Í stefnunni er lögð áhersla á að öll umsóknarríki styrki réttarríki og stjórnsýslu, tryggi tjáningafrelsi í fjölmiðlum, efli svæðasamstarf og sjálfbæran efnahagsbata, hagvöxt og atvinnusköpun. Í umræðum um Ísland sagði stækkunarstjórinn að Ísland væri á góðri leið en að innanlands væru uppi ólíkar skoðanir gagnvart aðild. Hvatti hann enn fremur Íslendinga til að taka þátt í umræðunni um aðild. Nokkrar umræður urðu um efni framsögu Fúles.

## **11. Menningarmál**

### **1. Sýning 14 íslenskra samtímalistamanna í sendiherrabústaðnum**

Þann 1. desember 2011 var ýtt úr vör sýningu 14 íslenskra samtímalistamanna í sendiherrabústað Íslands í Brussel að viðstöddum safn- og sýningarstjórum, galleríeigenda, blaðamanna og ljósmyndara. Þórir Ibsen, sendiherra og Paul Dujardin forstöðumann BOZAR opnuðu sýninguna. Jafnframt var í tilefni opunarinnar efnt til kynningar á íslenskri samtímalist í sendiherrabústaðnum í samstarfi við listamiðstöðina BOZAR og héldu þær Dorothee Kirch, forstöðumaður Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar, og Æsa Sigurjónsdóttir, listfræðingur og sýningarstjóri, fyrirlestra. Þrjú listamenn voru sérstaklega kynntir þau Gabríela Friðriksdóttir, Guðný Rósa Ingimarsdóttir og Haraldur Jónsson og tóku þau þátt í umræðum. Aðrir listamenn sem þátt tóku í þessu verkefni eru Birgir Snæbjörn Birgisson, Eggert Pétursson, Gjörningaklúbburinn, Guðrún Kristjánsdóttir, Helgi Þorgils



Friðjónsson, Húbert Nói, Ólöf Nordal, Steingrímur Eyfjörð, Svava Björnsdóttir, Tumi Magnússon og Þór Vigfússon.

Sýningin á samtímalist í sendiráðinu í Brussel er liður í sérstöku áhersluverkefni utanríkisþjónustunnar sem felur í sér kynningu á íslenskri myndlist og eflingu alþjóðlegs tengslanets á því sviði. Sendiráðin í Berlín, Kaupmannahöfn, París og Peking taka jafnframt þátt í verkefninu sem er framkvæmt af Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar og sendiráðunum með fjárhagsstuðningi utanríkisráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Myndlistarviðburðurinn var liður í starfsáætlun sendiráðsins í Brussel á árinu 2011 en á næsta ári verður einnig lögð sérstök áhersla á að kynna íslenskar samtímabókmenntir í stofnunum Evrópusambandsins og í Benelúxlöndunum í kjölfar heiðursþátttöku Íslands á Bókasýningunni í Frankfurt.

## **2. Verðlaun**

### **Bókmenntaverðlaun Evrópusambandsins 2011 - Ófeigur Sigurðsson**

Ófeigur Sigurðsson var meðal handhafa Bókmenntaverðlauna Evrópusambandsins árið 2011. Verðlaunin hlaut Ófeigur fyrir bókina „Skáldsagan um Jón & hans rituðu bréf til barnshafandi konu sinnar þá hann dvaldi í helli yfir vetur & undirbjó komu hennar & nýrra tíma“ sem kom út hjá Máli og menningu árið 2010.

Verðlaunin voru veitt í þriðja sinn en markmið þeirra er að undirstrika grósku og margbreytileika evrópskra samtímabókmennta og stuðla að þýðingu og útbreiðslu kjörinna verka utan heimalands höfundanna. Verðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í Brussel þann 28. nóvember.

### **Philippe Rotthier Arkitektaverðlaun Evrópu 2011 - ARGOS, Gullinsnið og Studio Granda**

Þann 15. október síðastliðinn tók Stefán Örn Stefánsson arkitekt á móti viðurkenningu fyrir hönd arkitektastofanna ARGOS, Gullinssnið og Studion Granda. Viðurkenningin var veitt fyrir endurgerð á sögulegu horni Lækjargötu og Aðalstrætis í miðbæ Reykjavíkur.

Viðurkenningin sem er hluti af Philippe Rotthier Arkitektaverðlaunum Evrópu 2011 var veitt í níunda skipti. Athöfnin fór fram í arkitektasafninu La Loge í Brussel. Sýning á verkum verðlaunahafa og þeirra sem hlutu viðurkenningar stóð frá 16. október til 20. nóvember 2011 í Architecture Museum í Brussel.